




HRUNAMANNAHREPPUR - Iðnaðarsvæði I1 í Flatholti - Deiliskipulagsdrög fyrir geymslulóðir



Deiliskipulag - mkv. 1:2.000


Hrunamannahreppur hefur hug á að auglýsa lausar til umsóknar 18 geymslulóðir á svæði sem í aðalskipulagi er skráð sem iðnaðarsvæði I1. Lóðirnar eru skammt norðan við þéttbýlið á Flúðum og á bilinu 1.400 - 3.600m² að stærð.

Sunnan við svæðið er flugbraut sem snýr norðnorðaustur og suðsuðvestur. Flugbrautin er flokkuð með kóða 1 þar sem lengd brautar er <800m. Brautin er skráð sem flugvöllur hjá Isavia. Önnur flugbraut sem ekki er skráð hjá Isavia liggur norðnorðvestur og suðsuðaustur og fer yfir deiliskipulagsvæðið og er hún sýnd í aðalskipulagi. Gera verður ráð fyrir að hún sé notuð þó hún sé ekki í gögnum Isavia. Hindrunarhæð þar sem hún er lægt í deiliskipulaginu er 24m (80fet) og má engin hlutur fara í þá hæð á því svæði. Engar byggingaheimildir eru skv. þessu deiliskiplagi heldur er svæðið ætlað undir áhalda- og geymslsvæði.


Helstur málsetningar og lóðastærðir koma fram á uppdrætti sem og 7m breiður aðkomuvegur. Uppdráttur þessi er lagður fram sem frumdrög til umræðu í skipulagsnefnd og sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Drög að skilmálum:

Deiliskipulagi þessu fylgja engar byggingaheimildir. Heimilt er að láta lausabúnað standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi (stöðuhýsi), vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni þannig að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Lóðirnar eru í nálægð flugvallar og má engin búnaður á lóð ná hærra í loft upp en 7m. Allur búnaður sem nær yfir 3m hæð skal sérstaklega tjóðraður niður þannig að vindur geti ekki hreyft hann úr stað. Heimilt er að girða af lóðir og hafa læst hlið.



Yfirlitsmynd - mkv. 1:15.000



Úr aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 - ekki í kvarða

Tákn	Skýringar
	Mörk skipulagssvæðis
	Hindrunar- flötur og hæð flugvallar
	Ný lóðamörk, tillaga
	Lóðamörk, núverandi
	Hindrunarflötur flugvallar, útmörk

Uppdráttur þessi er teiknaður í hnitakerfinu ISN93 og byggir á uppréttri loftmynd frá Loftmyndum ehf.

